

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Dagsetning	16.06.2017
Málshlutf.	09.38
Mál nr.	170424/



Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
210 Garðabær

cc.Sigurður Guðmundsson formaður skipulagsnefndar

Reykjavík 15. Júní 2017

Efni: Samkeppni um rammaskipulag Vífilsstaðalands.

Í frétt um samkeppni um rammaskipulag Vífilsstaðalands kemur fram að í dómnefnd hafa verið skipaðir 5 aðilar, fulltrúar skipulagsnefndar og íþróttar og tómstundaráðs og 3 arkitekter. Í fréttinni kemur jafnframt fram að um sé að ræða 350 hektara svæði, þar sem m.a. er gert ráð fyrir útivistarsvæði, fólkvangi, íþróttasvæði og golfvelli. Mjög jákvætt er að efnt sé til samkeppni um rammaskipulag Vífilsstaðalands og viljum við benda á mikilvægi þess að fá sérfræðipækkingu landslagsarkitekta í þetta metnaðarfulla verkefni.

Sérsvið landslagsarkitekta er hönnun og nýting á hverskonar opnum svæðum hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli og hvarmar félag landslagsarkitekta að slíkur sérfræðingur sé ekki aðili að dómnefnd í verkefni sem lítur að miklum hluta að útfærslu og nýtingu opinna svæða. Það hefur sýnt sig að samstarf fagstétta er af hinu góða og mismunandi nálgun og sérfræðikunnátta eykur gæði verkefna.

FÍLA telur að sérþekking landslagsarkitekts myndi nýtast vel við gerð keppnislýsingar sem og við mat á tillögum og vill beina því til Garðabæjar að kalla til slíkan aðila í dómnefnd eða sem sérfræðing til aðstoðar dómnefnd.

Með bestu kveðju,

Fríða Björg Eðvarðsdóttir

Fríða Björg Eðvarðsdóttir
Formaður félags íslenskra landslagsarkitekta FÍLA

